

# VERÐTRYGGÐ SKULDABRÉF EGLU HF., 1. FLOKKUR 2005, SKRÁÐ Í KAUPHÖLL ÍSLANDS HF.

Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka eftirfarandi skuldabréf á skrá Kauphallarinnar þann 30. júní nk.

Skuldabréfin í 1. flokki 2005 eru vaxtakúla og bera fasta 5,9% flata ársvexti frá útgáfudegi. Útgáfudagur bréfanna var 4. febrúar 2005. Bréfin verða skráð fimmtudaginn, 30. júní nk. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með einni greiðslu þann 15. apríl 2011. Vextir reiknast frá útgáfudegi og greiðast árslega á 6 gjalddögum, í fyrsta sinn þann 15. apríl 2006 og í síðasta sinn þann 15. apríl árið 2011. Heildarnafnverð 1. flokks 2005 verður a.m.k. 5.000.000.000 kr. Skuldabréfin eru gefin út í 5.000.000 króna einingum. Ef eigið fé útgefanda fer undir 25% af niðurstöðu efnahagsreiknings hefur útgefandi 30 daga til að koma því aftur upp fyrir 25%. Að öðrum kosti er eiganda skuldabréfs heimilt að gjaldfella skuldabréfið einhliða og fyrirvaralaust án aðvörunar eða sérstakrar uppsagnar, og krefja útgefanda um gjaldfallnar eftistöðvar þess, auk áfallinna vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar sem eigandi skuldabréfsins kann að verða fyrir vegna innheimtu málsins. Framangreind eiginfjárviðmiðun skal fara eftir endurskoðuðum ársreikningi eða árshlutauppgjöri árituðu um könnun löggilts endurskoðanda, sem birtir verða á fréttaveitu Kauphallar Íslands á sex mánaða fresti.

Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysluverðs. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands verður EGLA 05 1.

Skráningarlýsingu, og þau gögn sem vitnað er til í henni, er hægt að nálgast hjá umsjónaraðila skráningarinnar, Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 108 Reykjavík, sími 444 7000, fax 444 7319, [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is)